


LANDPÓSTURINN

5.tbl. 9.árg. nóvember 1997 • Fréttabréf Félags landfræðinga
Pósthólf 5391 • 125 Reykjavík • ábm.: Kristinn Einarsson



Ísing á raflínunum — fræðslufundur —

Annar fundur vetrarins verður haldinn **miðvikudaginn 5. nóvember kl. 20:30 í stofu 210 í Odda**. Fyrirlesari verður Árni Jón Elíasson og segir okkur í máli og myndum frá athugunum sínum á Ísingu á raflínunum. Árni starfar hjá RARIK á Kirkjubæjarklaustri og vinnur að ísingarmælingum fyrir bæði RARIK og Landsvirkjun. Þær segja sína sögu af óblíðu náttúrufari á Íslandi, og að það er fleira en matið á náttúurfegurðinni einni sem verður að ráða línustæðinu, því hver vill verða rafmagnslaus að ástæðulausu? Einnig er tækjabúnaðurinn, sem notaður er við mælingarnar, hinn hugvitsamlegasti, og áhugavert að sjá hvernig togíð í raflínu er mælt, jafnvel í verstu veðrum og með margra tonna þyngsli af ís utan á henni.

Vettvangskönnun á krá

Miðvikudaginn 3. desember kl.21 verður komið saman á Dubliners. Ekki er endilega ætlunin að fá sér jólaglögg, heldur kanna hvað annað sé í boði, t.d. bjór. Formaðurinn hefur lofað, að þeir sem láti sjá sig verði EKKI beðnir um að setjast í ritstjórn Landabréfsins, a.m.k. ekki þetta kvöld.

Ráðstefna í mars 1998

Stjórnin varpar hér með fram þeirri hugmynd, að haldin verði hálf dags ráðstefna í mars 1998 um kortagerð á Íslandi. Þeir sem áhuga hafa á því að leggja til erindi, eða geta bent á góða fyrirlesara, ættu að hafa samband við einhvern stjórnarmanna sem fyrst. Og ekki sakar að heyra, hvort þetta er yfirleitt góð hugmynd.

200 Kópavogi



Lesja Ingilbjörg Guðmundsdóttir
Landsvirkjun
Pósthólf 5391
101 Reykjavík

Eldri eintök af Landabréfinu

Ennþá eru til nokkur eintök af Landabréfinu frá því að það varð að tímariti, og geta menn fengið þau keypt á vægu verði. Verðið á hefti er 500 kr, en séu keypt tvö fást þau á 800 kr. og öll fjögur heftin fást á 1.200 kr. Þetta eru nauðsynleg rit á skólabókasöfn og bókasöfn ýmissa stofnana ! Hægt er að panta á netfangi stjórnarinnar fl-os.is eða hafa samband við Guðrúnu Höllu formann hjá Skipulagi ríkisins.

Fréttir af skipulagsmálum

Mæting og þátttaka í fyrirspurnum var með besta móti á fyrirlestri októbermánaðar, en þar fjallaði Guðrún Halla Gunnarsdóttir um tillögu að skipulagi miðhálandisins. Um tillöguna var enn framlengdur fresturinn til að koma með athugasemdir til 10. desember. Á heimasíðu Skipulags ríkisins má kynna sér hana, bæði uppdrátt og greinargerð, en nú stendur yfir formleg auglýsing tillögunnar skv. skipulagslögum. Einnig er hægt að nálgast ritin hjá Skipulagi ríkisins, Laugavegi 166 í Reykjavík á skrifstofutíma og eru þau seld á kostnaðarverði.

Það er annars að fréttu af skipulagsmálum, að ný skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 voru samþykkt á Alþingi síðastliðið vor og munu taka gildi um næstu áramót. Ýmsar veigamiklar breytingar eru gerðar frá eldri lögunum og framkvæmd skipulagsmála í landinu verður í höndum Skipulagsstofnunar, sem tekur við af Skipulagi ríkisins. Markmið laganna eru í anda sjálfbærrar þróunar og stefnu ríkisstjórnarinnar í framkvæmdaáætlun til aldamóta. Lögð hafa verið fram drög að reglugerðum sem byggja á þessum lögum og hafa þau verið send ýmsum aðilum til umsagnar, jafnframt gefst öllum tækifæri á að kynna sér þau á heimasíðu Skipulags ríkisins og er unnt að koma skriflegum athugasemdum á framfæri fyrir 19. nóvember 1997.

Við hvetjum félagsmenn til að kynna sér nýju skipulags- og byggingarlögin og vera vakandi fyrir umhverfi sínu.